



Til skipulags- og umhverfisráðs

Kópavogi, 17. október 2025

Efni: Göngu- og hjólastígur á sunnanverðu Kársnesi. Svar við fyrirspurn.

Með erindi dags. 15. október 2025 óskar Hákon Gunnarsson, fulltrúi í skipulags- og umhverfisráði, eftir upplýsingum um göngu- og hjólastíg á Kársnesi í framhaldi af fyrra erindi sem lagt var fram og svarað í skipulags- og umhverfisráði þann 7. júlí sl.

Nánar til tekið er óskað eftir upplýsingum um stöðu á endanlegri hönnun göngu- og hjólastígs á sunnanverðu Kársnesi og hvort farið hafi fram samtal við lóðarhafa lóða í nálægð við núverandi göngustíg á sunnanverðu Kársnesi.

Skipulagsvinna vegna hjóla- og göngutenginga á Kársnesi hefur staðið yfir um allnokkurt skeið og mismunandi útfærslur skoðaðar. Gert er ráð fyrir að drög að deiliskipulagi verði lögð fram á fundi skipulags- og umhverfisráðs 3. nóvember nk. Haft verður samráð við hagsmunaaðila í kjölfar fundarins í samræmi við afgreiðslu ráðsins.

Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi



Kópavogsbær

UMHVERFISSVIÐ, SKIPULAGSDEILD

Auður Dagný Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi

